

# Leikskólinn Bergheimar

Viðbragðsáætlun vegna gruns um  
ofbeldi gegn börnum



## Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skilgreiningar	2
Aðferðir og framkvæmd	2
Ábyrgðaraðilar	2
Ferli og aðgerðir	3
Heimildir og ítarefni	3

## Inngangur

Aðgerðaráætlun Bergheima gegn ofbeldi gagnvart börnum miðast við að nota þær leiðir sem skólinn ræður yfir til að fyrirbyggja ofbeldi auk leiða til að aðstoða þolendur og aðstandendur.

## Skilgreiningar

Með ofbeldi gegn börnum er átt við hvers kyns líkamlegt og andlegt ofbeldi, meiðingar, skeytingaleysi, umgengnistálmanir, illa meðferð eða misnotkun, þar á meðal kynferðislega misnotkun. Í ofbeldi felst athöfn sem einkennist af valdbeitingu og getur valdið skaða. Það telst einnig ofbeldi þegar heilsu eða lífi ófædds barns er stefnt í hættu. Allt ofbeldi á heimili þar sem börn eru, er jafnframt ofbeldi gagnvart börnum. (Byggt á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna).

Aðgerðaráætlunin byggir m.a. á:

- Barnaverndarlögum nr. 80/2002,
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

## Aðferðir og framkvæmd

Ákvæði um tilkynningarskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2020, 16., 17. og 18. grein. Sjá einnig III kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd.

Ákvæði um nafnleynd tilkynnenda í 19. gr.

Starfsfólki ber við störf sín að gæta fyllsta hlutleysi, vanda störf sín og gæta að falegum vinnubrögðum. Starfsfólk skal sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsfólk skal sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar mál er kannað.

Starfsfólki ber að gæta fyllsta trúnaðar í einu og öllu.

Allt starfsfólk sem hefur störf í Bergheimum ber að skila inn sakavottorði.

Í Hjallastefnunni er unnið markvisst að styrkingu sjálfsmýndar og börnin fá æfingu og kennslu við að koma skoðunum sínum á framfæri og setja sjálfum sér og öðrum mörk. Samskipti og virðing við aðra er einnig hluti af kynjanámskrá sem og það mikilvæga gildi að brjóta upp staðalímyndir kynjanna.

## Ferli og aðgerðir

Aðgerðir fara eftir eðli hvers máls fyrir sig. Ef upp kemur grunur um ofbeldi gagnvart barni, af einhverjum toga er það litið alvarlegum augum og vinnur teymið eftir settum starfsreglum. Fyrstu skref er að meta alvarleika málsins og hvers eðlis það er.

1. Ef grunur leikur á ofbeldi utan skóla tilkynnist það til barnaverndar samkvæmt lögum um barnavernd og tilkynningarskyldu (*Lög um barnavernd nr. 80/2002*).
2. Ef grunur leikur á ofbeldi innan skóla,
  1. Milli barna er forráðamönnum tilkynnt um málið og aðgerðateymið virkjað
  2. Milli barns og starfsmanns er forráðamönnum tilkynnt um málið, aðgerðateymið virkjað og viðkomandi starfsmaður settur í leyfi tímabundið ef ástæða þykir til. Áminning veitt starfsmanni eftir atvikum og aðstoð fyrir barn og aðstandendur boðin.
  3. Milli starfsmanna er aðgerðateymið virkjað og leitað úrlausna í samræmi við málsatvik hverju sinni.

Nokkrar leiðir geta verið farnar, eftir mat. Þar má nefna: viðtal við barn, viðtal við foreldra, aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga, samtal við starfsfólk barnaverndar og hugsanleg tilkynning í framhaldi.

## Ábyrgðaraðilar

Aðgerðarteymi starfar í skólanum og skipa það skólastýrur og sérkennslustýra.

## Heimildir og ítarefni

*Lög um barnavernd nr. 80/2002*

*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (oftast nefndur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna). Undirritaður af Íslandi 26. janúar 1990 en hlaut fullgildinguna 27. nóvember 1992. Sótt 14. september 2019 af <http://www.althingi.is/lagas/132a/1992018.2c5.html>*